



Fjölbrautaskóli Suðurlands

ORÐSPOR

ÍSLE2OS05

Kennsluáætlun – haustönn 2015

Kennari áfangans:

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS)

Áfangalýsing:

„Af máli má manninn þekkja“ og því skiptir máli að vanda mál sitt. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Nemendur kynna sér ýmsa þætti í málfari í þeim tilgangi. Ýmis verkefni eru unnin, skrifleg og munnleg, auk þess sem áhersla er lögð á framsetningu fyrir framan myndavélar. Nemendur setja upp eigin sjónvarpsdagskrá með ýmsu frumsömdu efni þar sem reynir á margs konar málsnið.

Forkröfur: Lágmark 7 á grunnskólaprófi eða ÍSLE1DE05/ÍSLE1LR05

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

Kennslubækur og kennslugögn

- Ari Páll Kristinsson. 2004. *Orðmyndun*, Íslensk málnefnd, Reykjavík (netútgáfa sem nemendur fá slóð að).
- Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir 2010: *Tungutak*, Félagsleg málvísindi.
- Brynja Þorgeirsdóttir og Bragi Valdimar Skúlason. 2014. *Orðbragð*
- Kjörbók (valin af kjörbókalista).
- Margrét Guðmundsdóttir. 2001. *Bót í máli*

Áætlun um kennslu og yfirferð á önninni (sjá nánari skilgreiningu á Moodle)

Vika	Dags.	Verkefnavinna og helstu áhersluatriði
34	19. – 21. ágúst	Kynning á áfanga og helstu verkefnum s.s. hugleiðingabók, kjörbók, vinnubók og rannsóknarverkefnum. 1. hluti: Almennar hugleiðingar um tungumálið Verkefni: Vinnublöð 1.1- 1.2 ásamt vinnu við hugleiðingabók.
35	24. – 28. ágúst	Við sjálf og blessað veðrið Verkefni: Vinnublöð 1.3-1.5 ásamt vinnu við hugleiðingabók.
36	31. ág – 4. sept	2. hluti: Það tala ekki allir eins Orðaforðinn og málsnið. Lesin verður smásaga, lagagreinar, blaðgreinar o.fl. textar. Verkefni: Vinnublöð 2.1-2.5 ásamt vinnu við hugleiðingabók Kjörbók er valin og lestur hennar hefst.
37	7. – 11. sept.	Verkefni: Vinnublöð 2.6-2.8 ásamt vinnu við hugleiðingabók.
38	14. – 18. sept.	Skilaverkefni: Rannsökum málið I Verkefni: Vinnublöð frá kennara. Hugleiðingabók.
39	21. – 25. sept.	Máltaka barna o.fl. Verkefni: Vinnublöð frá kennara. Hugleiðingabók.
40	28 sept. – 2. okt.	3. hluti: Orðtök, málshættir og samheiti Verkefni: Vinnublöð 3.1-3.4 ásamt fleiri verkefnum og vinnu við hugleiðingabók.
41	5. – 9. okt Miðannamat	Verkefni: Vinnublöð 3.5-3.8 ásamt vinnu við hugleiðingabók.
42	12. – 16. okt (haustfrí 16 – 19 okt.)	4. hluti: Orðasmíð Leiðir til að búa til ný orð eða aðlaga að málinu skoðuð. Verkefni: Nemendur fá æfingu í að meta hvort og hvernig orð geti orðið að tökuorði ásamt því að búa til nýyrði. Vinnublöð 4.1-4.3 ásamt vinnu við hugleiðingabók.
43	19. – 23. okt	Verkefni: Orðasmíð, ýmsar æfingar og vinnublöð 4.4-4.7 ásamt hugleiðingabók.
44	26. – 30. okt	Skilaverkefni: Rannsökum málið II , verkefni um nýyrði og tökuorð þar sem nemendur rannsaka tungumálið og vinna með það. Önnur verkefni: Hugleiðingabókin.
45	2. – 6. nóv.	5. hluti: Kjörbókin Skilaverkefni: Kjörbókargrúsk , myndband, teiknimynd eða glærusýning sem talað er inn á.
46	9. – 13. nóv.	6. hluti: Að leika sér með tungumálið Verkefni: Nemendur vinna með tungumálið og auka orðaforða sinn með krossgátum, spilum o.fl.. Einnig eru skoðuð ýmis málfarsatriði. Vinnublöð 5.1-5.6. Hugleiðingabók og vinnublaðabók skilað.
47	16. – 20. nóv.	Skilaverkefni: Rannsökum málið III – lokaverkefni , nemendur velja sér verkefni og vinna sjálfstætt að því.
48	23. – 27. nóv.	Lokaverkefnið.
49	30. nóv – 4. des	Lokaverkefnið

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Hugleiðingabókin 20%
- Vinnublöð, kannanir og ýmis verkefni. 35%
- Kjörbókarkynning, myndband eða teiknimyndform 15%
- Rannsökum málið, verkefni 20%
- Virkni, þátttaka og umræður í tímum 10%

Kröfur og verkefnaskil

- Ekkert lokapróf er í þessum áfanga og er því ætlast til að nemendur undirbúi sig mjög vel fyrir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem upprifjun. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögð fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.

- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara.

- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara.

- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. **Einungis þeir sem eru löglega forfallaðir fá að taka sjúkrapróf.**

- Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er á ný.

- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Kjörbækur

- Arnaldur Indriðason: *Betty*.
- Arnaldur Indriðason: *Kamp Knox*.
- Auður Jónsdóttir: *Vetrarsól*
- Bachman, Fredrik: *Amma biður að heilsa*
- Bachman, Fredrik: *Britt-Marie var hér*
- Bachman, Fredrik: *Maður sem heitir Uve*
- Duteurtre, Benoit: *Litla stúlkan og sígarettan*
- Einar Kárason: *Ofsi*
- Einar Kárason: *Óvinafagnaður*
- Einar Kárason: *Skáld*
- Fríða Á Sigurðardóttir: *Meðan nóttin líður*
- Guðrún Eva Mínervudóttir: *Skaparinn*
- Kent, Hannah: *Náðarstund*
- Khadra, Yasmina: *Tilræðið*
- Koomson, Dorothy: *Dóttir hennar, dóttir mín*
- Romen, Knut: *Sá sem blikkar er hræddur við dauðann*

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su., 15. ágúst 2015.

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir guðbjorgdora@gmail.com